

# Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanessbæjar  
maí 2020

---

---



Tónlistarskóli Reykjanessbæjar, Hjallavegur 2, Hljómahöll, Reykjanessbær  
sími 420-1400 Netfang: [tonlistarskoli@tonrnb.is](mailto:tonlistarskoli@tonrnb.is)  
**vefslóð: [tonlistarskoli.reykjanessbaer.is](http://tonlistarskoli.reykjanessbaer.is)**  
Skrifstofan er opin alla virka daga frá 9-17

---

---

## Endurnýjun umsókna fyrir skólaárið 2020-2021

Föstudagurinn 22. maí n.k. er lokadagur fyrir núverandi nemendur til að endurnýja umsóknir sínar fyrir næsta skólaár. Eftir þann dag förum við að vinna úr biðlistaumsóknum. Við biðjum því nemendur um að virða þessa dagsetningu svo skólavist sé trygg. Sótt skal um áframhaldandi skólavist á vef skólans tonlistarskoli.reykjanesbaer.is undir hnappnum „Endurnýjun og nýjar umsóknir“.

## Nýjar umsóknir fyrir næsta skólaár

Sótt skal um á vef skólans tonlistarskoli.reykjanesbaer.is undir hnappnum

„Endurnýjun og nýjar umsóknir“

Það er alltaf opið fyrir nýjar umsóknir, en ef nemandi vill eiga möguleika á því að komast að næsta skólaár, er mjög æskilegt að sótt sé um eigi síðar en 1. júní n.k. Eftir þann dag verður unnið úr nýjum umsóknum og þeir sem komast að teknir inn. Þeir sem fá skólavist fá tilkynningu um það í tölvupósti. Aðrar umsóknir fara á biðlista. Ekki verður haft samband sérstaklega við þá umsækjendur, en skrifstofan veitir upplýsingar í síma 420-1400 til og með föstudeginum 12. júní.

## Lok skólaársins

Framundan eru fjölmargir vortónleikar eins og venjulega og stendur hver deild eða kennarar fyrir tónleikum með nemendum sínum. Öllum vortónleikunum verður streymt úr Stapa, án gesta. Eingöngu verða þeir viðstaddir, sem eiga að koma fram á tónleikunum ásamt kennurum þeirra, skólastjórnendum eftir atvikum og tæknimanni.

Farið verður eftir tilskipunum yfirvalda um fjarlægðarmörk milli fólks. Streymt verður á YouTube og mun Hljómahöll sjá um framkvæmdina. Kennarar tilkynna sjálfir til nemenda/forráðamanna hvenær tónleikar verða. Yfirlit yfir alla vortónleika skólans er hér í Tónvísi og á vefsíðu skólans **tonlistarskoli.reykjanesbaer.is**. Einnig er hægt að fá upplýsingar um tónleikahaldið á skrifstofunni. Upplýsingar um YouTube-rásina sem streymt er á, er að finna á vefsíðunni og Facebooksíðu skólans. Hljómsveitir og samspilshópar halda ekki vortónleika að þessu sinni, en æfingar hafa legið niðri of lengi vegna samkomutakmarkana.

## Síðasti kennsludagur og skólaslit

Síðasti kennsludagur skólaársins er þriðjudagurinn 26. maí.

**Skólaslit verða í Stapa föstudaginn 29. maí kl. 18.00.**

Skólaslitunum verður streymt, án gesta, á sömu YouTube-rás og vortónleikunum. Viðstaddir skólaslitin verða eingöngu þeir sem eiga að taka á móti áfangaprófsskírteinum, nýr handhafi Hvatningarverðlauna Íslandsbanka, fulltrúi bankans, nemendur vegna tónlistarflutnings, skólastjórnendur og tæknimaður Hljómahallar. Farið verður eftir tilskipunum yfirvalda um fjarlægðarmörk milli fólks.



## Starfsáætlun í maí 2020



<b>15. maí</b>	fös.	kl. 17:30	Vortónleikar nem. Jelenu
<b>18. maí</b>	mán.	kl. 17:30 kl. 18:30 kl. 19:30	Vortónleikar nem. Jónínu Vortónleikar nem. Þórögnu og Alberts <b>Tónleikar lengra komina nemenda</b>
<b>19. maí</b>	þrið.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónleikar nem. Germans Vortónleikar nem. Birtu Rósar og Bjarma Vortónleikar nem. Þórunnar Vortónleikar nem. Sigurgeirs Skafta
<b>20. maí</b>	miðv.	kl. 17:00 kl. 17:45 kl. 18:30 kl. 19:30	Vortónleikar nem. Ínu Dóru Vortónleikar nem. Guðríðar Evu Vortónleikar nem. Aleksöndru Vortónleikar nem. Steinars
<b>21. maí</b>	<b>fimm.</b>	<b>Uppstignardagur: Frí</b>	
<b>22. maí</b>	fös.	kl. 16:00 kl. 17:00 kl. 17:30 kl. 18:30 kl. 19:30	Vortónleikar nem. Unnar Vortónleikar nem. Hörpu Vortónleikar nem. Grétu Vortónleikar nem. Sigrúnar Gróu Vortónleikar nem. Kristjáns
<b>25. maí</b>	mán.	kl. 17:00 kl. 17:45 kl. 18:30 kl. 19:30	Vortónleikar nem. Arnars Freys og Arons Vortónleikar nem. Eyrúnar Þóru Vortónleikar nem. Kristins Vortónleikar nem. Söngdeildar
<b>26. maí</b>	þrið.		<b>Síðasti kennsludagur</b>
		kl. 16:00 kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00	Vortónleikar nem. Ragnheiðar Eirar Vortónleikar nem. Þorvaldar Más Vortónleikar nem. Renötu, Karenar og Eypórs Vortónleikar nem. Geirprúðar
<b>27. maí</b>	fimm.	kl. 16:00	Vortónleikar nem. Þorvaldar
<b>29. maí</b>	fös.	<b>kl. 18:00</b>	<b>Skólaslit</b>

